

Ræða formanns Viðskiptaráðs Íslands

Hreggviður Jónsson

Forsætisráðherra, þingmenn, aðrir gestir – velkomin á Viðskiptaþing 2015

Það er ánægjulegt að sjá þessa miklu og góðu mætingu hér í dag en þetta er annað árið í röð þar sem loka þarf fyrir skráningu á Viðskiptaþing – og nú með viku fyrirvara. Það er óhætt að segja að þingið hafi fest sig enn frekar í sessi sem einn af meginviðburðum í íslensku viðskiptalífi.

Viðfangsefni dagsins snertir alla í íslensku samfélagi, en það er spurningin „*hvernig má innleiða breytingar hjá hinu opinbera?*“

Þetta er stór, margslungin og gildishlaðin spurning. Þetta er annars vegar spurning um hlutverk og umfang hins opinbera og hins vegar spurning um forsendur árangursríkra breytinga. Og já... í spurningunni felst sú afstaða að það eigi að ráðast í breytingar.

Kjarni málsins er skilvirk nýting á skattfé. Hvernig er hægt að fá sem mest útúr þeim fjármunum sem við leggjum hinu opinbera til?

Umræða um þessi mikilvægu viðfangsefni líður fyrir það hversu flókin hún er. Hún líður jafnframt fyrir það hversu lituð af sérhagsmunum hún er. Af þessum ástæðum er auðvelt að afvegaleiða umræðuna og koma í veg fyrir málefnalegt og uppbyggilegt samtal. Til að þoka okkur í rétta átt þarf því að nálgast umræðuna með skipulögðum og upplýstum hætti, sem og að færa áherslu hennar á heildarhagsmuni í stað sérhagsmuna. Þetta er markmið Viðskiptaþingsins í ár.

Ágætu fundarmenn

Það er auðvelt að koma sér saman um markmið. Við getum öll verið sammála um að hér eigi líf skjör að vera með því besta sem gerist í heiminum. Jafnframt, að líf skjör okkar eigi ekki að vera á kostnað komandi kynslóða og að allir eigi að fá tækifæri til að láta að sér kveða. Það er aftur á móti erfiðara að koma sér saman um leiðir að settu marki. Þegar kemur að stjórnámálum og hinu opinbera þá virðist það því miður vera svo að langtímastefnan líður fyrir dægurþrasið. Það er rík tilhneiging til að leita skyndilausna og nálgast stór verkefni eins og bútasam. Um þetta eru mörg dæmi í umræðu síðustu missera:

- Af hverju mótum við ekki almenna auðlindastefnu í stað þess að karpa um veiðileyfagjald?
- Af hverju mörkum við ekki heildarstefnu í ferðaþjónustu í stað þess að rökræða endalaust um afmarkað form gjalddöku?
- Af hverju körpum við um innflutning á buffalóostum og kjúklingabringum í stað þess að ræða framtíðarstefnu í landbúnaðarmálum?

Við virðumst eiga mjög erfitt með að færa fókusinn á heildarmyndina, langtímamarkmið og tækifærin sem kerfisbreytingum fylgja. Það er skýr afstaða Viðskiptaráðs að grundvöllur bættra líf skjara felist í langtímastefnu þar sem áhersla er lögð á bætt samkeppnishæfni og þar með aðstæður til verðmætasköpunar. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi átti ráðið frumkvæði að kortlagningu íslenska hagkerfisins sem McKinsey & Company réðist í sumarið 2012.

Skýrsla McKinsey hefur gert fjölmörgum hagsmunaaðilum kleift að ræða framtíðaráskoranir og tækifæri íslenska hagkerfisins með markvissari hætti en áður og reynst ómetanlegt framlag í

Talað orð gildir

efnahagssumræðuna. Á Viðskiptaþingi 2013 voru skýrslunni gerð ítarleg skil undir yfirskriftinni *Stillum saman strengi* auk þess sem ráðið gaf út Hugmyndahandbók þar sem tillögur McKinsey voru útfærðar nánar. Sama vor tók Samráðsvettvangur um aukna hagsæld til starfa og verkefnisstjórn vettvangsins kynnti 37 tillögur til aukins hagvaxtar sem náðu til allra geira hagkerfisins. Margar af þessum tillögum eru komnar í farveg innan stjórnýslunnar, þó að vissulega myndum við vilja að fleiri væru komnar til framkvæmdar.

Í öllum þeim verkefnum sem hér voru talin upp hefur sama meginstefi verið fylgt:

- Færum áhersluna á langtímastefnu í stað skammtímalausna.
- Mörkum stefnuna útfrá heildarhagsmunum, fremur en sérhagsmunum.
- Byggjum stefnuna á upplýstum grundvelli og alþjóðlegum samanburði.
- Ræðum stefnuna með málefnalegum hætti, en ekki í skotgröfum.

Viðskiptaráð hefur fylgt þessari góðu vinnu eftir með málefnastrafi sínu undanfarin misseri og mótað áherslur sínar út frá þeim ramma sem þar var kynntur. Á síðasta Viðskiptaþingi var fjallað um uppbyggingu alþjóðageirans, í dag fjöllum við um opinbera þjónustugeirann, á næsta ári fjöllum við um auðlindageirann og árið 2017 fjöllum við um þjónustu í einkageiranum. Það má því segja að McKinsey skýrslan hafi mótað stefnumörkun ráðsins til nokkurra ára.

Góðir fundargestir

Við þekkjum það sem fyrirtækjastjórnendur að lykilforsenda árangurs er skýr stefna um hvar fyrirtækið eigi að starfa og með hvaða hætti. Þessi kjarni stefnumótunar kemur í veg fyrir að tíma og fjármunum sé sóað í verkefni sem ekki skila verðmætum. Stjórnámálamenn ættu að nálgast verkefni sitt með sams konar lykilsurningar í huga.

- Hvert er hlutverk hins opinbera og hversu umfangsmikil á þjónusta þess að vera?

Svörin við þessum spurningum geta vissulega verið jafn ólík og við erum mörg.

Ef við byrjum á sitthvorum enda ássins þá sagði Benito Mussolini að allt félli innan ríkisins, ekkert utan þess og að ekkert mætti standa gegn því. Friedrich Nietzsche hafði öllu minni trú á ríkisvaldinu en hann sagði að frá því kæmu eingöngu lygar og að allar eignir ríkisins væru þýfi. Líklegt verður að teljast að skoðanir flestra rúmist einhvers staðar þarna á milli.

En, Gerald Ford skilgreindi viðfangsefnið ágætlega. Hann sagði að þegar hið opinbera væri orðið nægjanlega stórt til að færa fólki allt sem það óskar eftir væri það jafnframt orðið nógu stórt til að taka allt frá öllum. Þetta orsakasamband skiptir miklu máli að hafa í huga.

Í skoðanakönnun sem Viðskiptaráð lét framkvæma fyrir Viðskiptaþingið í ár kom í ljós að tveir þriðju landsmanna telja skattbyrði sína of háa. Um þriðjungur taldi hana hæfilega en aðeins einn af átta hundruð aðspurðum taldi hana alltof lága. Við verðum með léttu getraun í hléinu hér á eftir varðandi hvaða einstakling hér er um að ræða, en það er ljóst að stór hluti Íslendinga telur sig greiða of háa skatta.

Í sömu könnun taldi hins vegar aðeins þriðjungur aðspurðra umfang hins opinbera vera of mikið. Ef tekið er mið af almennri umræðu, finnst mörgum, síðan þó nokkuð vanta upp á gæði hinnar opinberu þjónustu. Þetta er áskorunin í hnotskurn. Fólk vill fá mikið fyrir lítið og tengir ekki nógu vel saman tekju- og útgjaldahlíð hins opinbera.

Því miður er enginn hádegisverður ókeypiss. Ákvörðun um umfang þjónustu hins opinbera er jafnvægislist sem snýst um forgangsroðun og skilvirka nýtingu fjármuna. Á undanförunum áratugum hefur vantað mikið upp á að þessi sjónarmið hafi verið höfð að leiðarljósi og að öðru óbreyttu stefnir í

Talað orð gildir

óefni. Þannig hefur umfang hins opinbera í íslensku samfélagi aukist jafnt og þétt og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Vaxandi útgjöldum fylgir aukin skattbyrði og það sem upp á vantar verður að opinberum skuldum.

Í dag er skattbyrði á Íslandi sambærileg við önnur Norðurlönd en sjálfbærni opinberra fjármála er mun minni. Opinberar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu eru tvisvar til þrisvar sinnum hærrí en hjá hinum Norðurlöndunum og aldursbreytingar á komandi áratugum munu reynast Íslendingum erfiður baggi. Þá hafa aðhaldsaðgerðir hins opinbera á síðustu árum í miklum mæli beinst að takmörkun fjárfestinga, sem verður seint talin varanleg hagræðing.

Ágætu þinggestir

Það segir sig sjálft að það gengur ekki til lengdar að opinberum starfsmönnum fjölgi á meðan starfsmönnum í einkageiranum fækkar. Viðskiptaráð hefur bent á að frá aldamótum hefur stöðugildum hjá hinu opinbera fjölgað um rétt tæp 30% á sama tíma og stöðugildum í einkageiranum hefur fækkað um 7%. Þessi þróun hefur átt sér stað á sama tímabili og landsframleiðsla hefur aukist. Einkageirinn hefur þannig skapað aukin verðmæti á sífellt færri höndum frá síðastliðnum aldamótum. Framleiðni hjá hinu opinbera hefur hins vegar setið eftir.

Ábendingum Viðskiptaráðs um þessa ólíku þróun í fjölda starfa hefur ekki verið tekið vel af hálfu stéttarféлага opinberra starfsmanna. Það er miður og endurspeglar þann viðhorfsvanda sem þarf að leysa. Það á ekki að vera markmið að búa til mörg opinber störf, heldur góð og þörf störf. Með því að reka hið opinbera með hagkvæmari hætti skapast sterkari langtímagrundvöllur til að veita opinberum starfsmönnum samkeppnishæf launakjör.

Með ofangreint í huga er ljóst að sífellt færri hendur þurfa að standa undir fjármögnun á starfsemi hins opinbera. Í dag starfa innan við fjórir af hverjum tíu íbúum landsins á almennum vinnumarkaði og ef ekkert verður að gert mun það hlutfall lækka enn frekar. Það segir sig sjálft að slík þróun er ósjálfbær.

Það er því nauðsynlegt að bregðast við strax. Lausnin felst ekki í almennum niðurskurði, heldur þarf að forgangsraða verkefnum og auka framleiðni. Í því felst grundvallarbreyting á umfangi og rekstri hins opinbera. Þá er ekki síður mikilvægt að stjórnvöld hugi að öllum mögulegum leiðum til að efla alþjóðlega samkeppnishæfni einkageirans með þeim ramma sem honum er sniðinn. Því þegar upp er staðið er það verðmætasköpun í einkageiranum sem stendur undir lífskjörum og starfsemi hins opinbera.

Ágætu fundarmenn

Viðskiptaráð telur að með aðgerðum sem byggja á skynsamlegum markmiðum megi komast hjá verulegri lífsskjaraskerðingu Íslendinga á komandi árum og áratugum. Þar skiptir mestu máli að verðmætasköpun fái að þrífast og að landið sé samkeppnishæft þegar kemur að framtakssemi og atvinnustarfsemi einstaklinga.

Markmiðin eru eftirfarandi:

- Einstaklingsfrelsi: Hið opinbera þarf að draga úr íhlutun í atvinnugreinum, hvort heldur með opinberum rekstri eða viðskiptahindrunum í formi styrkja, tolla eða ábyrgða. Þannig geta fleiri atvinnugreinar á Íslandi orðið alþjóðlega samkeppnishæfar og mannaúður færst þangað sem hann nýtist best.
- Jöfn tækifæri: Hinu opinbera ber að takmarka starfsemi sína við það að tryggja öllum einstaklingum jöfn tækifæri, til að mynda með því að gera þeim kleift að sækja sér menntun, tryggja sér lífsviðurværi og keppa í heilbrigðu samkeppnisumhverfi.

Talað orð gildir

- Ráðdeild: Draga þarf úr opinberum skuldum og skuldbindingum. Aukin hagkvæmni í rekstri hins opinbera, sala opinberra eigna og afnám ríkisábyrgða á fyrirtækjum í einstökum atvinnugreinum er leiðin að þessu marki.
- *Gagnsæi*: Opinber stjórnsýsla þarf að auka gagnsæi og bæta þjónustu við einkageirann þegar kemur að upplýsingagjöf, veitingu leyfa og öðrum samskiptum sem torvelda verðmætasköpun.
- Einfaldleiki: Rekstur stofnana hins opinbera þarf að einfalda og straumlínulaga með það að markmiði að draga úr flækjustigi og stjórnunarkostnaði þegar kemur að opinberri þjónustu.

Markviss og málefnaleg umræða er fyrsta skrefið að árangursríkum breytingum. Í stað þess að festast í þrasi um smáatriði ætti að verja meiri kröftum í að ræða eftirfarandi grundvallarspurningarnar:

- Hvert er hlutverk hins opinbera?
- Hver á að veita opinbera þjónustu?
- Með hvaða hætti á hið opinbera að starfa?
- Hvernig á að fjármagna hið opinbera?

Í skýrslu Viðskiptaþingsins í ár, sem liggur á borðunum fyrir framan ykkur, er leitað svara við þessum spurningum. Það er von okkar hjá Viðskiptaráði að skýrslan verði gagnlegt framlag í umræðuna og hjálpi til við að greina aðalatriðin frá aukaatriðum. Þannig getum við forgangsraðað verkefnum og fundið út hvernig megi fá meira fyrir minna í rekstri hins opinbera, með það að markmiði að bæta lífsskjör á Íslandi.

Góðir fundargestir

„Tölván segir nei.“ (Video)

Titill þingsins í ár vísar í frasa úr sjónvarpsþáttunum Little Britain sem eflaust margir hér inni kannast við. Móttökuritaranum Carol verður seint eignuð lausnamiðuð afstaða og því miður endurspeglar afstaða hennar viðhorf margra til breytinga. Ýmsar ástæður eru fyrir því að breytingar mæta viðnámi. Fyrst og fremst er það ótti við hið óþekkta. Breytingar geta vegið að öryggistilfinningu okkar þar sem þær valda óvissu. Jafnvel þegar við erum sátt við fyrirhugaðar breytingar – og óskum meira að segja eftir þeim – krefjast þær aðlögunar á viðteknum venjum með tilheyrandi fyrirhöfn. Eins og Daniel Cable, aðalræðumaður þingsins í ár, kemur til með að fjalla um í erindi sínu hér á eftir þarf því að hafa margt í huga við innleiðingu breytinga.

En, án breytinga ríkir stöðnun. Þær eru erfiðar, en jafnframt nauðsynlegar. Hið opinbera getur ekki – og á ekki að gera allt.

Það er brýnt og löngu tímabært að innleiða kerfisbreytingar sem gera okkur kleift að fá meira fyrir minna. Aukin framleiðni í rekstri hins opinbera er grundvallarforsenda þess að hægt sé að auka gæði opinberrar þjónustu án þess að auka þurfi skattheimtu. Aukin framleiðni er eins nálægt ókeypis hádegisverði og við komumst.

Til þess að unnt sé að forgangsraða og innleiða kerfisbreytingar þurfum við ný viðhorf.

Aukið umfang opinberrar þjónustu á ekki að vera markmið, heldur aukin gæði þeirrar þjónustu sem það fjármagnar. Í dag eru fjölmörg verkefni á forræði hins opinbera sem ættu betur heima innan einkageirans. Í sumum þessara tilfella er aðkoma ríkisins algjörlega óþörf. Má þar nefna rekstur póst- og vörudreifingarfyrirtækis, afþreyingarfjölmiðils og áfengis-, sælgætis- og snyrtivörusmáölu sem gerir hið opinbera að öðrum stærsta smásala landsins. Í öðrum tilfellum nægir að hið opinbera sjái

Talað orð gildir

um fjármögnun, en láti öðrum eftir framkvæmdina. Þannig eru Svíar til að mynda mun frammar á merinni þegar horft er til einkareksturs í mennta- og heilbrigðismálum. Alþjóðlegur samburður sýnir okkur að fyrirkomulag á rekstri hins opinbera er víða frábrugðið því sem gengur og gerist erlendis. Undir slíkum kringumstæðum ætti að vera gerð krafa um réttlætingu á óbreyttu ástandi, en ekki um réttlætingu þess að ráðist sé í breytingar.

Ágætu fundargestir

Skilvirkur opinber geiri er öllum í hag.

Stjórnámamenn eru fyrirmyndir og umræðuhefð stjórnámálanna hefur mikil áhrif á viðhorf og afstöðu til breytinga. Stjórnámalin bera því mikla ábyrgð þegar kemur að umræðu um kerfisbreytingar. Það er ekki hlutverk stjórnarandstöðu að vera ósammála ríkjandi stjórnvöldum í einu og öllu. Það er ekki heldur æskilegt að stjórnvöld framkvæmi stefnu sína án þess að taka sjónarmið stjórnarandstöðu alvarlega. Þarna getum við lært mikið af vinum okkar á Norðurlöndunum þar sem umræðuhefðin og þverpólísk samvinna virðist vera orðin töluvert þroskaðri en hér tíðkast. Ég tel að það sé almenn krafa að stjórnámalin taki upp breytt og skilvirkari vinnubrögð. Það er vissulega útilokað að þau komi sér saman um alla hluti og í raun ekki æskilegt. Engu að síður er mikill munur á því að vera sammála um allt eða sammála um ekkert. Þetta snýst í raun um að stjórnámalin velji sér betur orrustur.

Með því að færa umræðuna í málefnalegri og uppbyggilegri farveg skapast sterkari grundvöllur til að draga fleiri hagsmunaaðila að borðinu. Skapa þarf sátt um þær breytingar sem skila framtíðarávinningi, jafnvel þó þær geti haft neikvæð áhrif á afmarkaðan hóp til skemmri tíma. Það er mitt mat að við séum þegar upp er staðið sammála um miklu fleiri mál en umræðan gefur tilefni til að ætla. Hagkvæmari rekstur hins opinbera er öllum til hagsbóta. Tækifærin eru sannarlega til staðar en þau verður að grípa. Ótti okkar við breytingar má ekki standa bættum lífskjörum fyrir þrifum.

Góðir þinggestir

Við stöndum tímamótum. Það er búið að vinna nokkuð vel úr erfiðum aðstæðum á undanförunum árum en verkefninu er engan veginn lokið.

Auk fyrirbyggjandi áskorana í opinberum rekstri og fjármálum búum við enn við gjaldeyrishöft sem þarf að losa sem allra fyrst og mikil óvissa ríkir á vinnumarkaði. Þessi þrjú meginverkefni þarf að leysa farsælega ef við ætlum að verja þann brothætta efnahagsstöðugleika sem nú ríkir.

Við sem hér sitjum berum ríka ábyrgð á því að farsæl lausn náist í þessum efnunum. Öðruvísi bætum við ekki lífskjör í landinu. Orð eru til alls fyrst og ég vonast til þess að þær umræður sem hér skapast í dag verði kveikjan að breyttum og betri vinnubrögðum og bjartari framtíð fyrir land og þjóð.

Takk fyrir!